

81

27. júlí

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að 10 árum liðnum og breyta eftir ákvörðun hreppsfundar, sem löglega hefur verið til boðað.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi í félagsheimilinu Fagrihvammur, hinn 22. marz 1961.

82

31. júlí

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskræktarfélag Brynjudalsár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Brynjudalsár.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er það sama og formanns á hverjum tíma, enda búi hann á félagssvæðinu.

3. gr.

Verkefni félagsins er: Að friða fisk eftir þörfum á félagssvæðinu, bæta lífs- og gönguskilyrði hans, að afla laxaseyða, að fyrirbyggja ólöglega veiði og gæta þess, að reglum um veiði, veiðiaðferðir o. þ. h. sé fylgt.

4. gr.

Félagssvæðið nær yfir vatnasvæði Brynjudalsár.

5. gr.

Félagsmenn eru eigendur Þrándarstaða, Skorhaga, Ingunnarstaða með Hrísakoti.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari.

7. gr.

Félagstjórnin ræður öllum málum milli funda.

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, og skal haldinn fyrir lok apríl-mánaðar ár hvert. Félagstjórnin getur kvatt til aukafundar, þegar henni þykir þörf. Skyld er stjórninni að boða til aukafundar ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna er á fundi, eða hafa gefið öðrum sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta fyrir sig. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur sakir fámennis, og skal þá stjórn félagsins kveðja til fundar á ný innan þriggja vikna, skal þá jafnframt tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess, að ekki mættu nógu margir á hinum fyrri fundi, til þess að hann væri löglegur; er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hvað margir mæta. Á fundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykkt mælir öðruvísi fyrir. Til fundar skal boðað með skriflegri tilkynningu eða símatilkynningu til hvers einstaks félagsmanns, með minnst viku fyrirvara.

9. gr.

82

31. júlí

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir í eftirfarandi röð:

1. Skýrsla stjórnarinnar um hag félagsins og framkvæmdir á liðnu ári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir s. l. ár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara til úrskurðar.
3. Kosið í stjórn félagsins og endurskoðendur.
4. Stjórn félagsins gerir grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp kunna að vera borin.

10. gr.

Endurskoðendur félagsreikninganna skulu vera tveir, og gildir kosning þeirra til tveggja ára, og ganga þeir úr sitt hvor, í fyrsta sinn samkvæmt hlutkesti.

11. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir aðalfundar og annarra félagsfunda, ásamt stuttri greinargerð um annað, er þar gerist. Fundargerðir skulu lesnar í lok fundar og bornar undir atkvæði. Því næst undirritaðar af fundarstjóra og ritara.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf til þess $\frac{2}{3}$ atkvæða, enda hafi áður verið greint frá henni í fundarboðinu. Félaginu má slíta, ef tillaga um það er samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á tveim lögmætum fundum í röð.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum nr. 53/1957, og veiðarfæri og veiði eða andvirði hennar skal gerð upptæk, og renni hvort tveggja til ríkissjóðs.

15. gr.

Um það, sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari, skal fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

16. gr.

Brynjudalsá skal vera friðuð fyrir allri veiði 5 daga í viku hverri.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. júlí 1961.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.